

Áfallastjórnun í Mýrdalshreppi vegna Covid-19 faraldursins og þýðing stuðningsaðgerða stjórnvalda fyrir sveitarfélagið

Hugrún Hannesdóttir, sérfræðingur í áhættustjórnun, VSÓ Ráðgjöf
Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, dósent, félagsvísindadeild, Háskólinn á Bifröst

Útdráttur

Þessi tilviksrannsókn beinir sjónum að hvernig fámennst sveitarfélag á landsbyggðinni, Mýrdalshreppur, tókst á við hið erfiða samfélagslega áfall sem fólst í Covid-19 faraldrinum en sveitarfélagið var eitt þeirra sem urðu fyrir hvað mestum efnahagslegum samdrætti vegna faraldursins. Auk greiningar á aðgerðum sveitarstjórnar voru dregin fram áhrif stuðningsaðgerða stjórnvalda til atvinnulífs sveitarfélagsins. Áfallastjórnun mótar hinn fræðilega grunn sem og greiningarramma rannsóknar og var leitað svara við rannsóknarspurningum með viðtölum við 14 viðbragðsaðila og heimamenn í Mýrdalshreppi. Meginniðurstöður sýndu að stuðningur stjórnvalda hefði haft mikla þýðingu, bæði aðgerðir á landsvísi og sértæki stuðningurinn sem Mýrdalshreppi var veittur. Faraldurinn var mikil áskorun fyrir atvinnulífið í sveitarfélaginu en sveitarstjórn tók þá ákvörðun strax við upphaf hans að gefa í hvað framkvæmdir varðaði, sem varð heilladrjúgt. Sýnilegar framkvæmdir höfðu jákvæð áhrif og upplifðu íbúar sértækan stuðning stjórnvalda sem viðurkenningu á því að þeirra staða væri sérstaklega erfið. Samstaða íbúa var mikil en áskoranir vegna mikillar íbúaþróunar eru verulegar, til framtíðar lítið.

Efnisorð: Áfallastjórnun; COVID-19; sveitarfélög; samfélagsleg áföll; Mýrdalshreppur; viðnámsþróttur; endurreisn.



Icelandic Review of Politics and Administration Vol. 19, Issue 1 (19-44)

© 2023 Contact: Hugrún Hannesdóttir, hugrunh@vso.is

Article first published online June 28th 2023 on <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Publisher: Institute of Public Administration and Politics, Gimli, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík, Iceland

Stjórnmál & stjórnsýsla 1. tbl. 19. árg. 2023 (19-44) Fræðigreinar

© 2023 Tengiliður: Hugrún Hannesdóttir, hugrunh@vso.is

Vefbirting 28. júní 2023 - Birtist á vefnum <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Útgefandi: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, Gimli, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík

DOI: <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2023.19.1.2>

This work is licensed under a Creative Commons Attribution 3.0 License.

Covid-19 crisis management in Mýrdalshreppur and the significance of the government's support measures for the municipality

Abstract

This case-study focuses on how the South-Iceland rural community of Mýrdalshreppur responded to the Covid-19 pandemic. The community was among the worst hit municipalities economically. In addition to the analysis of the Mýrdalshreppur's response the influences of the national government's support for the local economy are highlighted. Crisis management forms the theoretical foundation as well as the research's analytical framework. Research questions are examined through qualitative case-study. Fourteen first responders and locals were interviewed to collect data to find answers to the research questions. Main findings reveal that the government's support-operations had significant effect, both those provided at the national-level, and the targeted support granted to Mýrdalshreppur. Covid-19 created multiple challenges for local businesses. The municipality council decided, early in the process to invest in construction, which turned out to be beneficial. Visible and apparent investments, along with targeted support made a positive impact which was perceived as recognition of the challenging situation felt by the local community. Local sense of solidarity was significant, but changes in demographics that have been evolving since 2010 will create long-term challenges.

Keywords: Crisis management; Covid-19; local governments; societal crises; Mýrdalshreppur; community resilience; recovery.

Inngangur

Nýr og bráðsmitandi kórónaveirufaraldur breiddist út um heimsbyggðina í upphafi árs 2020. Hér á landi var óvissustigi almanna- varnastigin frá óvissu-, hættu- og neyðarstigi ásamt sóttvarnaaðgerðum og afléttingum áttu eftir að fylgja bylgiufalli nýrra veiruafrigðna sem herjuðu á landsmenn, þar til sóttvarnaráðstöfunum stjórnvalda var aflétt 26. febrúar 2022.

Faraldurinn hafði víðtæk áhrif á samfélagið og ógnaði heilsu landsmanna, efnahag, félagslegum tengslum og andlegri líðan. Í viðbrögðum varð að virkja allt stjórnkerfið, þar með almanna- varnir, heilbrigðiskerfið, menntakerfið, fyrirtæki, sjálfbodaliða, ásamt því að nýta aðrar bjargar samfélagsins. Ákvarðanir stjórnvalda kölluðu á viðbrögð og eftirfylgni hjá sveitarfélögum, stofnunum, fyrirtækjum og almenningi. Sveitarfélög sinna velferðarþjónustu og skólakerfið er einnig að stórum hluta á þeirra hendi en faraldrinum fylgdu margvíslegar áskoranir sem reyndu verulega á getu þeirra til að sinna þessu þjónustuhlutverki.

Áfallastjórnun er röð ákvarðana og framkvæmda sem beinast að því að meta, varna og leggja í viðbúnað vegna hugsanlegrar áhættu og raungerist hún, að bregðast þá við því áfalli, byggja upp að nýju og læra af áfallinu. Markmið rannsóknar var að greina

hvernig fámennt sveitarfélag eins og Mýrdalshreppur tókst á við það samfélagslega áfall sem fólst í Covid-19 heimsfaraldrinum og í þeim tilgangi voru settar fram eftirfarandi rannsóknarspurningar:

1. *Hvernig var viðbúnaði í sveitarfélaginu Mýrdalshreppi háttað vegna samfélagslegra áfalla fyrir Covid-19?*
2. *Hvernig brást Mýrdalshreppur við faraldrinum?*
3. *Hvaða þýðingu hefur stuðningur stjórnvalda fyrir fámenn sveitarfélög eins og Mýrdalshrepp þegar áfall skellur á?*

Í þessari grein eru kynntar niðurstöður tilviksrannsóknar á áfallastjórnun í Mýrdalshreppi vegna Covid-19 faraldursins. Í fyrsta kafla er gerð grein fyrir hagnýtum bakgrunni rannsóknarinnar þar sem leitast er við að setja í samhengi við sögu, umhverfi og efnahagslíf Mýrdalshrepps. Í öðrum kafla er aðferð og framkvæmd rannsóknar kynnt. Í þriðja kafla er gerð grein fyrir niðurstöðum undir ákveðnum þemum áfallastjórnunar og auk þess sérstaklega lítið á áhrif efnahagsúrræða og fjárhagslegs stuðnings stjórnvalda. Í umræðukafla eru síðan ræddir helstu lærdómar og veigamestu niðurstöður rannsóknar á undan lokaorðum.

1. Hagnýtur bakgrunnur

Samkvæmt nálgun rannsóknar er byrjað að setja áfallið í samhengi áður en atburðarás er greind (sjá kafla 3). Í brennidepli er sveitarfélagið Mýrdalshreppur í Skaftafellssýslu á Suðurlandi. Hætta af náttúruhamförum eins og eldgosum, jökul- og sjávarflóðum vofir yfir þessu svæði þar sem finna má eina virkustu eldstöð landsins; Kötlu í Mýrdalsjökli. Samfélagið í sveitarfélaginu hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum. Eftir langt samdráttartímabil varð viðsnúningur í kjölfar Eyjafjallajökulgossins árið 2010 sem færði svæðinu óvænt tækifæri. Í stað þess að þurfa að treysta mestmegnis á landbúnað tók ferðaþjónustan yfir sem aðalatvinnuvegurinn. Þeirri þróun fylgdi mikil íbúafjölgun ásamt mikilli breytingu á íbúasamsetningu á mjög stuttum tíma. Í upphafi árs 2010 voru íbúar hreppsins 510 en 1. janúar 2023 voru þeir orðnir 877 talsins og höfðu þar með fjölgað um 72% á þessu tímabili. Sérstaka þessarar fjölgunar felst einnig í því að undir lok árs 2021 var Mýrdalshreppur fyrsta sveitarfélagið á Íslandi þar sem íbúar með erlent ríkisfang voru komnir í meirihluta eða um 51% íbúa. Af 814 íbúum voru 419 með þrjátúu og fjögur erlend ríkisföng (Hagstofa Íslands 2022, 2023; Þjóðskrá 2022).

Samkvæmt skilgreiningu Byggðastofnunar fellur Mýrdalshreppur undir brothættar byggðir, þ.e. þau byggðarlög sem eru með færri en eitt þúsund íbúa (Byggðastofnun 2017). Þá eru Skaftafellssýsla ásamt Reykjanesbæ þau svæði á landinu sem eru sérstaklega háð ferðaþjónustu. Atvinnutekjur Skaftafellssýslu drógust saman um 36,1% milli áranna 2019 og 2020, sem rekja má til áhrifa vegna heimsfaraldursins Covid-19 (Byggðastofnun 2021). Atvinnuleysi í Mýrdalshreppi mældist að meðaltali 39,3% eftir að faraldurinn skall á árið 2020, en varð mest 46,6% í apríl það ár sem og í lok ársins (Vinnumálastofnun 2022). Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) hafa tekið saman hagtölur úr atvinnulífinu á svæðinu en þar kemur fram að árið 2018 var hlutfall rekstrartekna í ferðaþjónustu

hæst í Mýrdalshreppi eða 78,7%. Í þeirri tölfraði er einnig athyglisvert að sjá að störfum í ferðaþjónustu hefur á árunum 2009 – 2019 fjölgað um 634% í sveitarfélaginu (Samtök sunnlenskra sveitarfélaga 2020).

Samkvæmt lögum um almannavarnir nr. 82/2008 skulu sveitarfélög og þær stofnanir sem heyra undir viðkomandi sveitarfélag kanna áfallaþol og vinna viðbragðsáætlanir í samræmi við undangengið hættumat. Þegar kemur að viðbrögðum vegna áfalla er mismunandi hve stórt hlutverk sveitarfélög og stofnanir þess hafa og fer eftir því sem ætlast er til af æðra yfirvaldi. (Ásthildur Elva Bernharðsdóttir o.fl. 2022). Í viðbrögðum við Covid-19 faraldrinum gáfu sóttvarnalæknir, landlæknir og ríkisstjórn út tilmæli um sóttvarnaaðgerðir sem sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki sem og íbúar þess urðu að fylgja.

Í viðbrögðum vegna Covid-19 faraldursins sýndi sig að sveitarfélög í landinu skipulögðu viðbrögð sín á ólíkan hátt sem kallar á að þau viðbrögð séu greind sérstaklega hjá hverju og einu sveitarfélagi til að bæði megi draga víðtækan lærdóm fyrir samfélagið í heild en einnig til að sveitarfélög geti nýtt sinn lærdóm sérstaklega við undirbúning á hugsanlegum áföllum (Ásthildur Elva Bernharðsdóttir o.fl. 2022). Þessi tilviksrannsókn sem er sú fyrsta sem greinir áfallastjórnun vegna Covid-19 faraldursins í sveitarfélagi á landsbyggðinni er mikilvægt skref í því lærdómsferli.

2. Aðferð og framkvæmd rannsókna

Sú nálgun sem fylgt er í þessari tilviksrannsókn í áfallastjórnun er svokölluð hugræn stofnananálun (e. cognitive institutional approach) sem byggir á grunni kenninga um hugræna- og félagslega sálfræði, stofnanakenninga, kenninga um stjórnsýslu og stjórn-mál og á utanríkismála-stefnugreiningu. Var hún þróuð til að greina ákvarðanatöku og stefnumótun sem á sér stað undir óvenjulegum kringumstæðum. Áfallið er greint frá sjónarhorni ákvarðenda sem skynja kringumstæður sem óvissuástand þar sem mikilvæg gildi eða grunnstoðir kerfis eru í hættu og að skammur tími sé til ákvarðanatöku (Boin o.fl. 2017; Hermann o.fl. 2008; Stern & Sundelius 2002). Hefur þessari nálgun verið beitt í rannsóknum á áfallastjórnun víða um heim og þar á meðal hér á landi sem veitir möguleika á samanburði á viðbúnaði og viðbrögðum vegna fyrri áfalla (Ásthildur Elva Bernharðsdóttir & Sólveig Þorvaldsdóttir 2002; Bernharðsdóttir 2001; Bernharðsdóttir & Svedin 2004).

Áfallastjórnunin er greind með því að rekja ferli áfallsins og viðbragða við því, það brotið upp og sett saman að nýju. Fylgt er eftirfarandi fjórum þrepum: 1) Áfallið er sett í samhengi þar sem aðstæður og umhverfi er skilgreint; 2) framvinda atburða er sett upp þar sem atburðarás er mörkuð innan tiltekens tímaramma; 3) mikilvægustu til-efnin til ákvarðana þ.e. þau sem hafa haft hvað mest áhrif á framvindu mála eru dregin út og greind; 4) ákveðin þemu sem fyrri rannsóknir hafa sýnt að eru þýðingarmikil í áfallastjórnun eru valin og greind (Stern & Sundelius 2002). Í grein er áfallið sett í samhengi við umhverfi og aðstæður innan Mýrdalshrepps (skv. 1. þrepi, sjá kafla 2) áður en niðurstöður rannsókna undir þemum eru kynntar skv. 4 þrepi en þemun hér eru forvarnir og viðbúnaður (rannsóknarspurning 1), forysta, samvinna, upplýsingastjórnun og lærdómur (rannsóknarspurning 2) en umfjöllun um lærdóminn fléttast inn í um-

ræðukaflann. Efnahagsúrræði stjórnvalda til stuðnings atvinnulífi í landinu sem og sérstækur stuðningur til Mýrdalshrepps snerta þá þætti áfallastjórnunar sem snúa bæði að viðbrögðum og endurreisn í kjölfar áfalls. Við greiningu var ákveðið að líta sérstaklega á þá þýðingu sem stuðningur stjórnvalda hafði fyrir sveitarfélagið (rannsóknarspurning 3).

Heimildir um atburðarás voru sóttar til fólksins á staðnum með eigindlegri viðtalsrannsókn þar sem spurningaramminn var hálf staðlaður (e. semi-structured interviews), þ.e. spurningarnar voru fyrirfram ákveðnar, bornar fram í sömu röð og buðu upp á opin svör (Clark o.fl. 2021). Viðtalsvísir var byggður upp í samræmi við almannavarnahringrásina sem nær yfir það verkferli sem áfallastjórnunin beinist að þ.e. að forvörnum og viðbúnaði, viðbrögðum, neyðaraðstoð og endurreisn (Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra e.d.).

Við val á viðmælendum var farið fyrst og fremst eftir starfsvettvangi og stöðu, þ.e. viðmælendur endurspegla þá sem voru með ákvarðanavald. Tekin voru viðtöl við einstaklinga í sveitarstjórn, hjá stofnunum, úr atvinnulífinu og í hlutverkum sem tengjast viðbragðs- og almannavarnastörfum. Þess var gætt að taka viðtöl við íbúa af erlendum uppruna, ef staða viðmælenda samræmdist þörfum rannsóknar og viðmælendur voru þátttakendur í ákvarðanatöku. Til að fá heildstæðara mat á upplifun og berskjöldun samfélagsins sem og þeim áhrifum sem úrræði stjórnvalda höfðu var nauðsynlegt að taka viðtöl við íbúa sveitarfélagsins, og gætt að því að úrtakið endurspegladi íbúasamsetninguna. Vel var útskýrt fyrir viðmælendum í hvaða tilgangi viðtölin væru tekin og hvernig gögnin yrðu nýtt. Þátttakendur fengu sent erindi í tölvupósti með beiðni um upplýst samþykki vegna viðtalsins og gætt var vel að því að samþykki lægi fyrir áður en viðtal fór fram. Í upphafi hvers viðtals var ítrekuð beiðni um leyfi til að taka viðtölin upp en jafnframt tekið fram að upptakan væri einungis fyrir eyru rannsakanda, viðtölin yrðu rituð upp og upptöku síðan eytt. Þar sem viðmælendur eru í litlu sveitarfélagi þar sem fólk þekkest vel var ákveðið að gæta nafnleyndar til að koma í veg fyrir rekjanleika. Sá háttur var hafður á að númera viðmælendur og markmiðið var að hafa ummæli merkt með númeri hvers þeirra. Þegar nota þurfti starfsheiti viðmælenda var þess að sama skapi gætt að taka númerin út svo ekki væri hægt að rekja ummælin í gegnum allt verkefnið.

Viðtöl voru tekin sumarið 2022, við sex konur og átta karla á aldrinum 30 til 80 ára. Í framhaldi af afritun viðtala var gerð orðræðugreining þar sem dregin voru fram þau atriði sem komu ítrekað fram hjá viðmælendum, þau sett undir verkþætti almannavarnahringrásarinnar og greind undir þeimum áfallastjórnunar.

3. Niðurstöður

Í þessum kafla eru kynntar niðurstöður sem greindar hafa verið út frá þemunum forvörnum og viðbúnaði, forystu, samvinnu og upplýsingastjórnun auk niðurstæðna um áhrif stuðningsaðgerða stjórnvalda fyrir Mýrdalshrepp.

3.1 Hvernig var Mýrdalshreppur undirbúinn fyrir áfallið?

Íbúar Mýrdalshrepps sem aðrir landsmenn áttu erfitt með að ímynda sér í upphafi árs 2020 þá ógn sem bjó í nýrri kórónaveiru sem greind hafði verið í Kína, eins og frásögn

sveitarstjórnaraðila um fyrstu viðbrögð við erindi frá Almannavörnum ríkislögreglustjóra ber vitni um:

... þegar þetta skellur á, ... líklega hefur það verið í janúar 2020, þegar að við erum að fá fréttir að þetta sé að fara af stað í Kína og ... þá hafði sveitarstjóri fengið erindi frá almannavörnum að við þyrftum að kortleggja einangrunarhús eða eitthvað þannig fyrir ferðamenn, ef að þetta kæmi upp hérna hjá okkur. Ég man að við göntuðumst með þetta ... við vorum kannski eftir á að hyggja kærulaus.

Það var síðan þann 23. janúar 2020 sem fyrstu viðbrögðin við Covid-19 voru kynnt á Íslandi og þar ber helst að nefna að undirbúningur að virkjun viðbragðsáætlaða sóttvarnalækis og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra vegna heimsfaraldurs var hafinn, ásamt því að leiðbeiningar voru uppfærðar og gefnar út til hinna ýmsu aðila. Einungis fjórum dögum síðar eða 27. janúar var óvissustigi lýst yfir og nákvæmlega mánuði síðar, 27. febrúar 2020 var tilkynnt um fyrsta staðfesta smitið á Íslandi og hættustigi lýst yfir í kjölfarið. Smitum fjölgaði ört á næstu dögum og neyðarstigi var lýst yfir 6. mars þegar fyrstu smit milli einstaklinga innanlands voru staðfest (Embætti landlækis 2020). Sjúkdómstilfellum fjölgaði verulega næstu daga og 13. mars var tilkynnt að fyrsta samkomubannið í sögu lýðveldisins Íslands skyldi taka gildi 16. mars, samkomubann sem takmarkaðist við að ekki fleiri en 100 manns mættu koma saman (Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra 2020). Þetta var fyrsta samkomubannið af mörgum.

Sveitarstjórnin fundaði í Kötluetri föstudaginn 21. febrúar en í fundargerð er einungis minnst á að minnisblað af fundi með heilbrigðisráðherra verði tekið fyrir. Að öðru leyti er ekki minnst á heimsfaraldurinn (Sveitarstjórn Mýrdalshrepps 2020a, 2020b). Næst var fundað 19. mars í Kötluetri og í þeirri fundargerð er bókað sérstaklega að sveitarstjórnin þakki sérstaklega sveitarstjóra, forstöðumönnum og starfsfólki fyrir þeirra faglegu viðbrögð við heilbrigðisvá sem nú vofi yfir. Þar er einnig nefnt sérstaklega að hafa skuli í huga að um tímabundið ástand sé að ræða og ekki sé ástæða til annars en bjartsýni til framtíðar (Sveitarstjórn Mýrdalshrepps 2020c). Fyrsti fjarfundur sveitarstjórnar var haldinn 31. mars en við skoðun á öllum fundargerðum sveitarstjórnar árið 2020 kemur í ljós að sveitarstjórn hefur haldið fáa fundi í gegnum fjarfundarbúnað og eru fáir liðir almennt í fundargerðum þar sem minnst er á heimsfaraldurinn. Einn viðmælenda lýsti á eftirfarandi hátt hvernig þau hafi verið undir það búin að takast á við faraldurinn:

Fjárhagslega vorum við ágætlega undir það búin. Auðvitað var enginn undirbúinn að taka við þessum skell og öllu þessu skipulagi, ... menn fóru bara í einhvern svona, eins og menn gera stundum, fara í að vera „súpermenn“ og það var bara allt sett af stað (Viðmælandi 2).

Viðmælendur voru almennt sammála um að sveitarfélagið hafi ekki verið neitt sérstaklega vel undir það búin að takast á við áfall eins og Covid-19. Þrátt fyrir varúðarmerkin í janúar varð upplifunin sú að þegar fyrstu samkomutakmarkanir voru settar á, hafi áfallið

skolið mjög óvænt á. Fyrsta samkomubannið kallaði fyrst og fremst á viðbrögð stjórnenda stofnana og fyrirtækja, en hafa þarf í huga að samkomubannið miðaðist við 100 manns og hafði því ekki teljandi áhrif í Mýrdalshreppi.

3.1.1 Viðbúnaður og viðbragðsáætlanir

Fyrir heimsfaraldur var til viðbragðsáætlun við heimsfaraldri influensu sem unnin var í samvinnu sóttvarnalæknis og ríkislögreglustjóra en gengið var í að uppfæra þá áætlun þegar að faraldurinn var við það að skella á (Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra e.d.). Viðbragðsáætlun vegna samfélagslegra áfalla, langtímaviðbrögð sveitarfélagsins Mýrdalshrepps, var gefin út í apríl 2019. Í fundargerð sveitarstjórnar frá 19. mars 2020 má sjá að drög að viðbragðsáætlun voru lögð fram og samþykkt (Sveitarstjórn Mýrdalshrepps 2020c).

Fræðslunefnd Mýrdalshrepps, sem heyrir undir sveitarstjórn, fer með skólamála í sveitarfélaginu. Nefndin fundaði 3. mars 2020 og í fundargerðinni má sjá fyrstu umræðu vegna Covid-19 (Fræðslunefnd Mýrdalshrepps 2020a), þar sem formaður nefndarinnar veltir því upp hvort gerðar hafi verið einhverjar áætlanir komi upp smit í sveitarfélaginu. Þar kemur einnig fram að reynt sé að hafa umræðu innan skólanna lágstemmda, af tillitssemi við börnin, en jafnframt var byrjað að huga að hreinlæti. Í næstu fundargerð á eftir, frá því 31. mars 2020, kemur síðan fram að viðbragðsáætlun hafi verið mótuð og bíði samþykkis skólaráðs (Fræðslunefnd Mýrdalshrepps 2020b). Viðbragðsáætlun Víkurskóla er að finna á vefsíðu skólans og þar vekur einnig athygli að áætlunin er dagsett 12. mars 2020, fjórum dögum áður en fyrstu samkomutakmarkanir tóku gildi á Íslandi (Víkurskóli o.fl. 2020). Jafnframt virðist viðbragðsáætlun hafa verið unnin fyrir Leikskólann Mánaland og er sú áætlun dagsett 10. mars 2020, birt á vefsíðu leikskólans daginn eftir og kynnt á starfsmannafundi 16. mars, sama dag og fyrstu samkomutakmarkanir voru settar á héraendis (Leikskólinn Mánaland o.fl. 2020). Sveitarstjóri átti frumkvæði að því að gengið var í gerð viðbragðsáætlana fyrir skólana, en í grunnskólanum var til áætlun vegna influensufaraldurs sem notuð var til hliðsjónar við gerð viðbragðsáætlunar vegna Covid-19 (Elín Einarsdóttir, tölvupóstur 8. nóvember 2022; Þorbjörg Gísladóttir, Teams símtal 11. nóvember 2022). Skólastjórnendur virðast hafa haft hraðar hendur í undirbúningi, athygli vakti að viðmælendur sem tengdust skólakerfinu þekktu greinilega til viðbragðsáætlana og fannst sjálfsagt að ráðast í gerð þeirra fyrir skólana:

Ég held að það líka hjálpi okkur hérna að við erum náttúrulega von að vinna eftir viðbragðsáætlunum vegna náttúruvár þannig að það er svolítið inngróið í okkur að við vinnum eftir einhverju slíku (Viðmælandi 7).

Segja má að viðmælendur hafi skipst í tvo hópa hvað viðbragðsáætlanir almennt varðar. Annars vegar þeir sem þekkja til þeirra og nota þær að einhverju marki. Hins vegar þeir sem þekkja lítið til slíkra áætlana og myndu þar af leiðandi ekki leiða hugann að því að draga þær upp ef þannig stæði á.

3.2 Forysta og ákvarðendur í Mýrdalnum

Flestar ákvarðanir um viðbrögð við heimsfaraldrinum Covid-19 voru teknar hjá æðri stjórnvöldum á Íslandi, þ.e. efnahagslegar aðgerðir af ríkisstjórn og sóttvarnaviðbrögð af heilbrigðisráðherra að undangengnum ráðleggingum frá sóttvarnalækni. Þær ákvarðanir kölluðu á viðbrögð hjá sveitarfélögum, stofnunum, fyrirtækjum og almenningi (Ást-hildur Elva Bernharðsdóttir o.fl. 2022).

Í sveitarfélögum er það fyrst og fremst sveitarstjórn sem hefur umboð íbúa í kjölfar sveitarstjórnarkosninga til að taka ákvarðanir og sveitarstjórn Mýrdalshrepps er því í afgerandi hlutverki þar sem helstu stofnanir sveitarfélagsins heyra undir sveitarstjórn. Mikilvægt er í þessu sambandi að hafa í huga smáð sveitarfélagsins og að sveitarstjórnarmenn sem og aðrir sem eru virkir í samfélaginu gegna mörgum hlutverkum. Þannig eru aðilar í sveitarstjórn sem starfa líka eða eru eigendur að fyrirtækjum í ferðaþjónustu, starfa í skólanum o.s.frv.

Þegar leiðbeiningar um sóttvarnir og handþvott komu frá sóttvarnaryfirvöldum voru það fyrst og fremst einstaklingar sem stjórnðu hinum ýmsu stofnunum og fyrirtækjum sem brugðust við á viðeigandi hátt. Einstaklingar sem höfðu til þess umboð af hálfu sveitarstjórnar eins og sveitarstjóri, slökkviliðsstjóri og skólastjórar grunn- og leikskóla. Verkefni sveitarstjórnar snerist þannig fyrst og fremst um að taka ákvarðanir út frá til-lögum þeirra sem voru í forsvari fyrir hverja skipulagsheild fyrir sig. Í fundargerð sveitarstjórnar 19. mars 2020 þar sem faraldursins er fyrst getið eru bókaðar þakkir til forstöðumanna og starfsfólks sveitarfélagsins fyrir fagleg viðbrögð (Sveitarstjórn Mýrdalshrepps 2020c). Bókunin sýnir þannig hverjir báru hitann og þungann af fyrstu viðbrögðum í sveitarfélaginu.

3.2.1 Sveitarstjóri

Sveitarstjóri Mýrdalshrepps sem var ráðinn árið 2018, starfar fyrir sveitarstjórn og hefur það hlutverk að framkvæma og framfylgja ákvörðunum sveitarstjórnar. Dreif sveitarstjóri í gerð viðbragðsáætlaða í kjölfar hvatningar frá fulltrúum almannavarna en hún bjó að þeirri reynslu að hafa komið að gerð langtíma viðbragðsáætlunar við samfélagslegum áföllum (Mýrdalshreppur & Lögreglustjórnin á Suðurlandi 2019). Átti sveitarstjóri þannig frumkvæði að því að gengið var í gerð viðbragðsáætlaða fyrir skólana, en í grunn-skólanum var til áætlun vegna influensufaraldurs sem notuð var til hliðsjónar við gerð viðbragðsáætlunar vegna Covid-19 (Elín Einarsdóttir, tölvupóstur 8. nóvember 2022; Þorbjörg Gísladóttir, Teams símtal 11. nóvember 2022). Nýttist vel hversu vel skóla-stjórnendur þekktu til viðbragðsáætlaða og gátu þannig ráðist flumlaust í gerð þeirra.

Þá gekk sveitarstjóri í að skipta starfsfólki skrifstofu sveitarfélagsins niður í teymi, til að reyna að tryggja virkni sveitarfélagsins, kæmi upp smit. Þá sat hún einnig viku-lega fundi lögreglustjóra Suðurlands í gegnum fjarfundarbúnað og miðlaði áfram upplýsingum til þeirra sem við átti hverju sinni. Hér var einnig um að ræða vettvang þar sem hægt var að fá álit á samhæfingu viðbragða. Vaktaði hún upplýsingar um fjárhags-lega aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar en í viðtölum kom fram ánægja með útsjónarsemi sveitarstjórnar í styrkumsóknum, eins og til Bygðastofnunar.

3.2.2 Slökkviliðsstjóri

Slökkviliðið er rekið af sveitarfélaginu og slökkviliðsstjóri heyrir undir sveitarstjórn. Það er mikilvægur viðbragðsaðili í sveitarfélaginu með fjölbreytt verkefni á sinni könnu en fámennt teymi sé miðað við slökkvilið á landsvísu. Þegar faraldurinn skall á gerði slökkviliðsstjóri sér grein fyrir að það þyrfti ekki mikið út af að bregða til að slökkviliðið yrði óstarfhæft og að öllum ráðum þyrfti að beita til að tryggja að svo yrði ekki. Við upphaf faraldursins funduðu slökkviliðsstjórar landsins og varð það vettvangur þar sem hægt var að máta sig við útfærslur hjá öðrum og bera saman bækur sínar. Slökkviliðsstjórinn virðist hafa haft frumkvæði að gerð viðbragðsáætlunar fyrir slökkviliðið en nýtti til þess hluta af öðrum viðbragðsáætlunum, enda vanur að vinna með þær. Settar voru upp mismunandi sviðsmyndir, hvernig hægt væri að vinna ef ákveðið hlutfall slökkviliðsmanna væri úr leik. Kom fram í máli slökkviliðsstjórans að honum þykir miður að ákvarðanataka þegar til stórra atburða kemur sé orðin fjarlægari en áður. Honum finnst vanta upp á að heimamenn séu hafðir með í ráðum og að þrátt fyrir að samfélagið þeirra geti lokast af, og þeir hafi lent í því að þurfa að bjarga sér upp á eigin spýtur, sé þeim jafnvel ekki treyst til ákvarðana af utanaðkomandi aðilum. Þannig hefur orðið ákveðinn samdráttur í valdi og rof á trausti gagnvart almannavörnum á Suðurlandi í kjölfar þess að upplýsingaflæði hefur á köflum verið ábótavant og vöntun á beinu samtali. Ekkert virðist hins vegar vanta upp á samvinnu og samstöðu innan sveitarfélagsins sjálfs, eins og komið verður betur að hér á eftir.

3.2.3 Sveitarstjórn

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps gegndi fyrst og fremst veigamiklu hlutverki þegar kom að rekstri sveitarfélagsins og þeim fjárhagslegu úrræðum sem stóðu sveitarfélaginu sjálfu, stofnunum þess og fyrirtækjum til boða. Hér þarf að hafa í huga að sveitarfélagið er aðili að byggðasamlagi með félagsþjónustu, svo slík málefni voru fyrst og fremst til umræðu í sveitarstjórn hvað fjárhagslegu hliðina varðar. Fjárhagslegar áskoranir í sveitarfélagi sem er háð ferðaþjónustu voru miklar og þann 19. maí 2020 kom sveitarstjóri fram í fjölmiðlum fyrir hönd sveitarstjórnar og lýsti því að „þetta blasir við okkur eins og hamfarir“ (Margrét Helga Erlingsdóttir 2020b). Á þeim tíma hafði ekkert kórónaveirusmit greinst í Mýrdalshreppi en ferðamenn höfðu við upphaf faraldursins horfið eins og döggi fyrir sólu og sveitarfélagið, fyrirtækjaeigendur og einstaklingar sáu fram á gríðarlegt tekjutap. Öllum var ljóst að staðan væri alvarleg en greinilegt er að óvissan var verst. Þrátt fyrir þetta voru það orðin samvinna og samstarf sem ítrekað komu upp.

Sveitastjórnin brást við reglugerð stjórnvalda sem heimilaði frestun fasteignagjalda, nýtti sér heimild til fjarfunda eftir því sem við átti og beitti þrýstingi vegna aðgerða er myndu gagnast íbúum og rekstraradilum innan sveitarfélagsins. Strax í upphafi faraldursins ákvað sveitarstjórnin að halda sig við allar áætlanir hvað framkvæmdir varðar í sveitarfélaginu og reyna frekar að draga úr rekstrarkostnaði á öðrum sviðum (Mýrdalshreppur 2021). Rétt er að taka fram að framkvæmdir í Mýrdalnum voru ekki einvörðungu af hálfu sveitarfélagsins, þó að viðmælendur greindu ekki endilega á milli hvað var framkvæmt af hálfu sveitarfélagsins og hvað til dæmis af hálfu Vegagerðarinnar.

Þess utan voru sum verkefnanna samstarfsverkefni. Greinilegt er að framkvæmdir í Mýrdalnum höfðu jákvæð áhrif á íbúa eins og lýst er hér:

... því þetta er líka bara svo andlegt. Bara það að hafa eitthvað í gangi og sjá að það er eitthvað í gangi, það er bara rosalega mikilvægt (Viðmælandi 1).

... sagðist bara verða að hrósa okkur, það hefði verið svo gaman að sjá hvað Mýrdalshreppur stóð upp úr, þetta litla sveitarfélag, í framkvæmdum þegar að mörg sveitarfélög einhvern veginn pökkuðu bara í vörn, að þá hefðum við einhvern veginn siglt áfram og aldrei stoppað ... (Viðmælandi 2).

3.2.4 Félags- og skólaþjónustan

Samkvæmt símtali við Svövu Davíðsdóttur, formann félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu (17. ágúst 2022) hafði starfsfólk embættisins búið sig undir holskeflu beiðna til félagsþjónustunnar, holskeflu sem aldrei kom. Á svæðinu er til staðar sérstakur áfallahópur sem saman stendur af fulltrúum frá félagsþjónustunni og Rauða krossinum, prestum og fleirum. Sá hópur kom saman reglulega í faraldrinum og fór m.a. í það verkefni að hringja í eldri borgara á hverju svæði, til að kanna stöðuna og heyra hljóðið í fólki. Almennt hafi fólk látið vel af sér í þeim símtölum og haldið sínu striki. Þau þurftu því ekki að fara í neinar sértækar aðgerðir í tengslum við faraldurinn, aðrar en að halda fjarfundi og að sögn Svövu var það reynsla sem þau tækju með sér áfram.

Andleg líðan í faraldrinum sem og langtímaáhrif hans á andlega heilsu voru og eru áhyggjuefni og þá um leið hversu lengi þau áhrif eru að koma fram. Íbúar Mýrdalshrepps lögðu sig fram við að hlúa hver að öðrum m.a. höfðu einstaklingar frumkvæði að því að huga að þeim sem bjuggu einir utan bæjarins og óku til þeirra með vistir. Þarna var t.d. um eldri einstaklinga að ræða, jafnvel með undirliggjandi sjúkdóma sem treystu sér því ekki til að fara í verslunarferð vegna smithættu.

Skortur var á félagslegum viðburðum og hafði þar vafalaust áhrif tíð samkomubönn vegna smithættu en slíkir viðburðir milli smitbylgja hefðu mögulega styrkt andlega líðan íbúa. Myndu sveitarfélög gera vel í því að auka meðvitund um nauðsyn slíkra félagslegra viðburða á áfallatímum, þó um viðburði af óhefðbundnum toga væri.

Það atriði sem flestir viðmælendur tóku fram að hefði verið ábótavant var sál-gæsla. Tilgreint var að sálfræðiþjónusta á svæðinu væri nánast engin, það hefði komið sálfræðingur frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) á einhverjum tímapunkti en þegar hún fór í fæðingarorlof þá hefði enginn komið í staðinn. Sveitarstjórinn sagði að HSU hefði auglýst eftir sálfræðingum en að enginn hefði sótt um. Presturinn á staðnum var tilgreindur sem aðili sem sinni sál-gæslu, en þurft hefði að koma því betur á framfæri þar sem fólk hefði ekki almennt komið í hug að sækja til hans í þessum aðstæðum. Aðgengi að sálfræðiaðstoð til lengri tíma í kjölfar áfalls var því afgerandi sá þáttur sem viðmælendur nefndu í þessu sambandi.

3.3 Samvinna

Þegar áföll verða er það almenningur í nærumhverfinu sem oft veitir verðmætustu aðstoðina. Sagan hefur sýnt að í kjölfar jarðskjálfta, óveðra og annarra náttúruhamfara eru það nágrannar, vinir og fjölskylda sem koma til bjargar (Aldrich & Meyer 2015).

Í þessu sambandi skiptir því máli að skoða samfélagið í Mýrdalshreppi sem er fámennnt en víðfeðmt sveitarfélag. Í fámennu sveitarfélagi geta íbúar verið í mörgum hlutverkum og það var eitt af því sem kom ítrekað fram í viðtölum. Flestir þeirra sem rætt var við eru í fleiri en einu hlutverki innan samfélagsins, því það er ekki svo mörgum til að dreifa og þessi samvinna eru hluti af viðbúnaðinum. Þannig eru sömu einstaklingarnir t.d. í slökkviliðinu og björgunarsveitinni. Komi til þess að rýma þurfi Vík á einhverjum tímapunkti hafa björgunarsveit og slökkvilið skipt með sér verkum og gert samkomulag um að þeir aðilar sem eru í báðum hlutverkum verði ekki kallaðir út af hálfu slökkviliðsins, þar sem björgunarsveitin muni sjá um að rýma. Á þessu er þó ein undantekning því búið er að skilgreina að slökkviliðið taki að sér að rýma leikskólann. Rýmingaráætlunin er sem sagt á hendi björgunarsveitarinnar og Rauða krossins, en hér lýsir slökkviliðsstjórinn samvinnunni enn frekar:

... björgunarsveitin treystir sér ekki til að rýma leikskólann, þú veist, verkefnið orðið svo yfirþyrmandi og þá sögðum við ekkert mál, við erum allveg örugglega með mannskap til þess að tæma leikskólann og við skulum bara taka það að okkur að sjá um að tæma leikskólann.

Skólinn og leikskólinn eru enn fremur í töluverðri samvinnu og eru eins og staðan er í dag staðsettir hlið við hlið. Ein af áskorunum sveitarfélagsins, er eins og áður hefur komið fram, hve íbúum hefur fjölgað hratt og er það farið að skila sér í leikskólann. Húsnæðið er sprungið og það hefur gerst að færri börn hafa komist að en vilja. Þá er hugsað í lausnum og skólinn hleypur undir bagga, eins og skólustjóri Víkurskóla lýsir hér:

... í annað skipti erum við með forskóladeild í grunnskólanum, tókum s.s. inn elsta árganginn í leikskólanum til þess að létta á leikskólanum vegna þess að þar var kominn biðlisti sem að var erfitt að vinna með.

Í heimsfaraldri Covid-19 var sagt frá því að einhverjir íbúar hefðu tekið það upp hjá sér að hafa samband við fólk í sveitarfélaginu sem það vissi að byggi eitt og boðist til að keyra vörur heim til þess. Þarna var t.d. um eldri einstaklinga að ræða, jafnvel fólk með undirliggjandi sjúkdóma, sem treysti sér ekki til að fara í búðina vegna smithættu og bjó jafnvel eitt uppi í sveit.

Lýsingar á starfsfólki heilsugæslunnar í Vík endurspeglu jákvætt viðhorf til þeirra. Þegar heilsugæslan barst í tal í viðtölum var lýsingin einróma, en efurfarandi ummæli standa upp úr:

... þó að það sé lítil heilsugæslustöð hér, fáir starfsmenn og allt það, þá fannst mér samt alltaf hægt að leita til þeirra. Maður gat alltaf hringt,

sent tölvupóst, þau komu hingað, ég meina, fyrstu bylgjuna og annað, þá voru náttúrulega bara allir, hvað eigum við að gera, við þurfum að taka test og hvernig gerir maður það og þú veist, enginn vissi neitt og þá bara komu þau og voru bara hérna og gerðu þetta hér og allt í rólegheitunum. Þannig að ég veit ekki hvernig þau komu út úr kóvít, en ég held að það hafi verið mjög gott fyrir okkur að hafa þau (Viðmælandi 8).

Snemma morguns á virkum dögum kemur hópur saman í Mýrdalnum sem í daglegu tali er kallaður öldungaráðið. Félagsskapur eldra fólks sem nýtur þess að taka daginn snemma, koma saman og ræða um daginn og veginn. Fólk sem hefur byggt samfélagið upp, látið til sín taka og hefur óbilandi áhuga á öllu því sem er að gerast. Í raun má segja að öldungaráðið sé í ákveðnu ráðgefandi hlutverki, enda hópur fólks sem er hokinn af reynslu. Ráðið hefur samt ekki formlegt hlutverk en athyglisvert er að sjá að t.d. í Húnaþingi vestra er starfandi formlegt öldungaráð sem er til ráðgjafar varðandi ýmis málefni sveitarfélagsins (Húnaþing vestra e.d.). Öldungaráðið í Mýrdalnum hefur ekki formlegt umboð til ákvarðana, en hefur með sínu tengslaneti gert sitt besta til að hafa áhrif á hin ýmsu mál.

Í samtölum við fólk á svæðinu og viðtölum er samvinna líklega það orð sem oftast var nefnt. Samvinna milli einstaklinga, milli félagasamtaka, viðbragðsaðila, stofnana og svo mætti lengi telja. Félagssauður (e. social capital) hefur verið skilgreindur á nokkra vegu, en hér er notast við skilgreininguna að um hóp fólks sé að ræða sem eigi eitthvað sameiginlegt, hafi sambærileg gildi, velvilja og traust gagnvart hvert öðru, ásamt því að mynda og viðhalda félagslegum tengslum (Aldrich & Meyer 2015). Greiningin hér að ofan sýnir fram á að sveitarfélag Mýrdalshrepps býr að slíkum félagsauð.

3.4 Upplýsingastjórnun

Þegar ógn steðjar að hefur gott upplýsingaflæði mikla þýðingu. Af hálfu stjórnvalda á Íslandi, var tvennt sem kom fram og vert er að fjalla stuttlega um hér. Annars vegar var þríeykið svokallaða oft nefnt og því hrósað:

... manni dettur náttúrulega fyrst í hug þríeykið fræga sko, maður dáð-ist alltaf að þeim, þeirra jafnaðargeði og framkomu, það ber náttúrulega hæst (Viðmælandi 10).

Hins vegar var óvissan í upphafi faraldursins oftast en ekki nefnd sem að viðmælendum þóttu erfið. Óvissan um hversu hættulegur faraldurinn væri, fjárhagsleg framtíð og hvernig stjórnvöld myndu bregðast við. Greinilega ríkti engu að síður skilningur á því að stjórnvöld höfðu upplýsingarnar ekki á reiðum höndum og að reynt hafi verið að koma þeim á framfæri eins fljótt og auðið var þegar þær lágu fyrir. Þessir þættir eru því ekki til frekari umfjöllunar hér.

Brotalöm var á að yfirmaður sjúkraflutninga fengi upplýsingar um hverjir væru með greint smit á svæðinu og var jafnvel búinn að „frétta úti í bæ“ að einhver væri smitaður sem síðan þurfti á sjúkraflutningi að halda. Viðbragðsaðilar á svæðinu hafa því í ein-

hverjum tilfellum upplifað að upplýsingum sé haldið frá þeim sem getur veikt traust til m.a. almannavarna, eins og lýst er hér af ónafngreindum viðbragðsaðila

... vegna þess að þetta mátti alls ekki neinn vita. Í mínum huga er það þannig, ef þú ert ráðinn í starf og þú ert bundinn við trúnað skilur þú og það er bara fyrir þig að vita, ef að sjúkrabílstjórinn er að fara í hús þá þarf að hann að treysta að maðurinn á línunni í Reykjavík segi, já, hann getur verið með kóvit. Á ekkert að vera þannig í svona samfélagi, þá áttu náttúrulega yfirmenn sjúkraflutninga að vita, að hann gat þá látið vita eða hjálpað strákunum sínum, því það þarf að undirbúa ef það er verið að fara í þannig flutning.

Í samtölum við viðbragðsaðila kom fram að heimamenn gera sér vel grein fyrir að þeir geti lokast af eins og t.d. í Kötlugosi. Þá þurfa þeir að geta brugðist við og bjargað sér með þeim sem eru á staðnum. Þar af leiðandi er brýn nauðsyn að viðbragðsaðilar á staðnum upplifi traust og ekki síður að þeir upplifi að upplýsingaflæðið sé eins gott og frekast er unnt. Hjá einhverjum aðilum á svæðinu virðist hafa orðið rof á trausti sem þarf að bæta og viðmælendur höfðu á orði að almannavarnakerfið sé orðið of fjarlægt, að mikil og góð samvinna við heimamenn sé brýn nauðsyn því að það séu yfirleitt þeir sem þurfi að sjá um fyrstu viðbrögð. Gefum viðmælanda orðið:

... segjum að það sé svona hálfgerð almannavarnaástand bara, þá kannski helst að það væri virkari upplýsingagiöf milli sem sagt almannavarna, hins miðstýrða almannavarnaapparats og niður til sveitarfélagsins, þannig að sveitarfélagið hafi greinargóðar upplýsingar sem að það getur síðan miðlað út til íbúa (Viðmælandi 11).

Fulltrúar viðbragðsaðila í rannsókninni kalla eftir því að ákveðnir lykilaðilar í sveitarfélaginu, eins og t.d. frá björgunarsveit, heilsugæslu, slökkviliði og sveitarstjórn væru strax í upphafi hafðir með í ráðum um viðbrögð á þeirra svæði.

Í þessu sambandi þarf enn fremur að hafa íbúasamsetningu á svæðinu í huga en upplýsingaflæði til íbúa á svæðinu getur tæpast farið einvörðungu fram á íslensku, í sveitarfélagi þar sem íbúar af erlendum uppruna eru komnir í meirihluta. Einn viðmælanda lýsir þessu ágætlega hér:

Þau eru með erlendan starfsmann sem er með erlendan bakgrunn, sem hefur verið í þessu tengsla og í raun og veru að virkja þetta. Það hefur gengið mjög vel. Það hafa verið haldnar ráðstefnur og fundir á ensku, með túlka, út af þessum aðstæðum og þetta kemur alltaf upp þegar að við erum að plana íbúafundi eða eitthvað svona á svæðinu, og enska er ekki endilega það sem myndi leysa málið (Viðmælandi 4).

Upplýsingaflæðið getur því sannarlega verið flóknara í sveitarfélagi með fjölbreytta íbúasamsetningu en sjá má að sveitarfélagið er að bæta sig á þessu sviði. Fram kom hjá viðmælendum að starfsfólk skrifstofu sveitarfélagsins endurspeglar í raun íbúasamsetninguna þar sem helmingurinn er af erlendum uppruna. Ráðinn var fjölmenningarfulltrúi í 25% starf vorið 2022 (Sunnlenska 2022) og í október 2022 var auglýst fullt starf þjónustu- og fjölmenningarfulltrúa sem nánar verður rætt um í næsta kafla (Mýrdalshreppur 2022b). Búið er að setja upp undirsíðu á vefsíðu sveitarfélagsins sem er á ensku og helstu fréttir eru einnig á ensku (Mýrdalshreppur e.d.). Athygli vekur engu að síður að t.d. auglýsing eftir fjölmenningarfulltrúa sem deilt er á Facebook-síðu sveitarfélagsins er eingöngu á íslensku og þó hægt sé að sjá að fleiri tilkynningar og fréttir sveitarfélagsins séu orðnar á ensku, er ljóst að hér eru tækifæri til að gera betur.

Sé litið enn og aftur til íbúasamsetningarinnar, þar sem íbúar af íslenskum uppruna eru tæpur helmingur, hátt í fjórðungur af pólskum uppruna og rúmlega fjórðungur af öðrum erlendum uppruna, má teljast nauðsynlegt að áriðandi upplýsingar eins og t.d. í almannavarnaástandi þyrftu að vera á íslensku, ensku og pólsku.

Upplýsingaflæði milli stofnana í Mýrdalshreppi virðist vera gott, boðleiðir stuttar og fólk þekkt en það einfaldar samskiptin sem oft á tíðum verða óformlegri en á stærri stöðum. Ánægja var með upplýsingaflæðið í tengslum við Víkurskóla í rannsókninni. Rætt var við foreldra barna í skólanum, starfsfólk skólans og skólastjóra. Fram kom að starfsfólk innan skólans hélt stutta stöðufundi, miðað við frásagnir nánast daglega í faraldrinum. Sendir voru upplýsingapóstar til foreldra í það miklum mæli að skólastjóri fékk einungis tvo pósta frá foreldrum, allan faraldurinn, þar sem þeir voru á einhvern hátt með efasemdir um að brugðist hefði verið rétt við.

3.5 Nýting efnahagsúrræða stjórnvalda

Efnahagsaðgerðir stjórnvalda vegna heimsfaraldurs Covid-19 voru víðtækar og kölluðu á viðbrögð af hálfu sveitarfélaga, stofnana, fyrirtækja og einstaklinga sem gert var að uppfylla ákveðin skilyrði til að nýta þær. Hér er litið sérstaklega til þeirra aðgerða sem voru afgerandi fyrir Mýrdalshrepp en aðgerðirnar voru mun fleiri og víðtækari en um fjöllunin hér rúmar (sjá Stjórnarráð Íslands 2022). Viðmælendur voru sammála um að úrræði stjórnvalda hefðu verið einstaklega mikilvæg og hefðu hreinlega bjargað ferðaþjónustunni og þar með afkomu sveitarfélagsins.

Í upphafi faraldursins var óvissan mikil og greinilegt að væntingar í ferðaþjónustunni voru hóflegar eins og hér er sagt frá:

... þegar að Eyjafjallajökulsgosið var og það hrúguðust inn afbókanir og þetta var náttúrulega á þannig tíma, buddan tóm eftir veturinn og maður var að bíða eftir túristunum til þess að koma og rétta af og maður vissi ekkert, það var talað um að síðast hefði þetta verið í eitt ár, tvö ár, þannig að það voru gríðarlegar áhyggjur sem að fylgdu því og þá komu einhverjir frá Bændasamtökunum eða eitthvað og kíktu á bóndabæina en þá skipti sér enginn af ferðaþjónustunni. Það var

sjökk. Ég var hissa og ánægð með stuðninginn til þess að komast í gegnum þetta núna, verandi búin að upplifa það að fá engan stuðning í öskufallinu þegar að þrengdi síðast (Viðmælandi 14).

Þegar spurt var um hvaða úrræði viðmælendur teldu að hefði verið mest nýtt kom í ljós að almennt hafði ekki mikið verið talað um hvaða úrræði fyrirtæki væru helst að nýta, að fólk hafi jafnvel verið svolítið feimið við að ræða það. Þetta gæti verið ein ástæða þess að uppsagnarstyrkirnir voru nánast ekkert nefndir í samtölum, enda greinilegt á viðmælendum að það reyndist þeim þungbært að þurfa að segja upp fólki. Atvinnurekendur vildu standa sig gagnvart sínu starfsfólki og jafnvel ekki fara í uppsagnir fyrr en búin væri að tæma alla varasjóði og persónulega sjóði eins og einn viðmælandi sagði.

Hlutabótaleiðin var oftast nefnd sem það úrræði sem mest hefði verið nýtt en markmiðið var fyrst og fremst að gera stofnunum og fyrirtækjum kleift að viðhalda ráðningar-sambandi við starfsfólk sitt (Stjórnarráð Íslands 2022).

Það var hlutabótaleiðin auðvitað. Hún hjálpaði mjög mikið. Bara að geta haldið fólki, þannig að það hefði eitthvað að gera. Það versta sem að kemur fyrir samfélög á svona tímum er að fólk hafi ekkert að gera ... (Viðmælandi 5).

Þannig var hlutabótaleiðin oft nefnd í tengslum við félagslega virkni í samfélaginu og einn sagði að úrræðið hefði hreinlega bjargað fyrirtækinu. Var þess jafnframt getið að fólk gerði sér vel grein fyrir því að góð staða ríkissjóðs fyrir heimsfaraldur hafi verið forsenda þess að hægt var að fara í þessi úrræði.

... hlutabótaleiðin klárlega í byrjun og svo að ráða fólk af atvinnuleysiskrá þarna alveg í sex mánuði. Það hjálpaði rosalega mikið, maður gat náttúrulega ekki lofað fólki neinu, það var eitthvað að gera í nokkrar vikur, svo ekki neitt, þannig að ég held að ég hefði algerlega brunnið út ef ég hefði ekki getað gert það, ráðið fólk og ekki þurft að hafa áhyggjur af launakostnaði, af því að það var náttúrulega ekki til peningur fyrir launakostnaði. Mér fannst það rosalega snjöll leið, koma fólki aftur til starfa, það þurfti hvort sem er að borga þeim atvinnuleysisbætur og líka ekki bara upp á sálarheill atvinnurekenda, af því að maður var náttúrulega með bullandi fjárhagsáhyggjur, heldur líka þannig að fólk einangraði sig ekki og drabbaðist niður (Viðmælandi 14).

Hjón sem höfðu verið að byggja upp ferðaþjónustu fyrir heimsfaraldur og opnuðu sumarið 2019, eru dæmi um aðila sem féllu ekki undir nein úrræði. Þau höfðu lagt í verulegar fjárfestingar, unnu sjálf í ferðaþjónustunni fyrsta sumarið, þar sem þau voru óviss með hvernig sumarið myndi koma út og þegar upp var staðið voru tekjur það ár 0 kr. Þar af

leiðandi féllu þau ekki undir úrræði stjórnvalda en voru með allar skuldbindingarnar, s.s. lán og fasteignagiöld.

Ljóst er að úrræði stjórnvalda skiluðu sér beint inn í samfélagið, til atvinnulífisins. Segja má að áhrif heimsfaraldursins hafi verið mun meiri á rekstur ríkissjóðs heldur en á fjárhag sveitarfélaganna, einfaldlega vegna þess að ríkið bar hitann og þungann af mótvægisáðgerðunum. Því voru áhrifin á rekstur sveitarfélaganna minni en talið var í upphafi, en þó umtalsverð á sveitarfélög sem eru háð ferðaþjónustu (Fjármála- og efnahagsráðuneytið 2021).

Sveitarfélagið sjálft nýtti sér einnig úrræði stjórnvalda og réði inn starfsfólk á ráðn-ingastyrk, bæði til að geta haldið verkefnum gangandi en einnig til að leggja sitt af mörkum. Almenn niðurstaða um þýðingu úrræða stjórnvalda endurspeglast í eftirfarandi ummælum:

... að það skuli ekkert ferðaþjónustufyrirtæki og ekki neitt hérna hafa farið á hausinn á þessum tíma. Mér finnst það alveg magnað. Þannig að ríkið á alveg gott klapp skilið á bakið... (Viðmælandi 13).

3.5.1 Togstreita um siðferði- og samfélagslega ábyrgð

Í rannsókninni var engin spurning sem sneri sérstaklega að því hvort úrræðin hafi verið misnotuð en í ljósi þess hversu oft þetta málefni bar á góma er þarft að ræða það sérstaklega og draga af því lærdóm.

Siðferðisleg ábyrgð getur snúist um að einstaklingar, og þar með forsvarsfólk fyrirtækja og stofnana, taki ákvarðanir út frá hagsmunum annarra en þeirra eigin (Henry Alexander Henrysson 2021). Siðferði getur að sama skapi snúist um hvort upplifunin sé að breytt sé á réttan eða rangan hátt (Geir Þ. Þórarinsson 2005).

Tvenns konar misnotkun á hlutabótaleiðinni var sérstaklega rædd. Annars vegar að vera á hlutabótaleið en vinna svart með og hins vegar að fyrirtæki hefðu nýtt sér hlutabótaleiðina sem ekki þurftu á því að halda. Viðmælendur sögðu m.a. eftirfarandi:

... það voru jafnvel fyrirtæki sem fóru hlutabótaleiðina og þurftu ekki á því að halda, en það var bara ákveðið að gera þetta til að sýna aðeins meiri hagnað (Viðmælandi 5).

... þessi hlutabótaleið, hún var náttúrulega alltof mikið misnotuð. Ég veit svo mörg dæmi bara, með fyrirtæki bara á höfuðborgarsvæðinu sem að eru ekki með neina aðkomu að ferðaþjónustu sem að gátu nýtt sér þetta og mér fannst það eiginlega vera svona óréttlátt í þessu hvað, það fóru gríðarlegir peningar í þetta en það var ekkert, kannski var ekki tími til þess að finna út hverjir þurftu mest á þessu að halda, þannig að mér fannst þetta vera of opið fyrir alla (Viðmælandi 6).

... það voru sérstaklega sko [nefnir þjóðerni]. Þeir voru búnir að finna

út og vildu vera á hlutabótaleið og vinna svart með og eitthvað svona (Viðmælandi 3).

Fréttir af því að þekkt fyrirtæki væru að greiða sér út arð, eftir að hafa þegið aðstoð frá stjórnvöldum í heimsfaraldri, fóru ekki vel í fólk og margir nefndu að aðstoðin hefði þurft að vera skilyrt hvað arðgreiðslur varðar. Fleiri nefndu dæmi um að slíkt hefði verið gert í þeim löndum sem Ísland ber sig oft saman við, og að þetta hafi verið töluvert í umræðunni, en af einhverjum orsökum hafi aðstoðin ekki í öllum tilfellum verið skilyrt þegar á hólminn var komið. Réttilega var þetta töluvert í umræðunni og kom m.a. forsætisráðherra fram í viðtali snemma í faraldrinum og lýsti yfir að það væri óviðunandi að fyrirtæki greiddu sér út arð á sama tíma og styrkir væru þegnir (Þór Steinarsson 2020). Ákveðið fyrirtæki var sérstaklega nefnt af viðmælendum í þessu samhengi og væntanlega er þar samhengi við umfjöllun fréttaskýringaþáttarins Kveiks um málið (Tryggvi Aðalbjörnsson & Arnar Þórisson 2021). ASÍ var einnig meðal þeirra sem gerðu athugasemdir við frumvarp til laga vegna faraldursins og lýstu síðan yfir vonbrigðum með að ekki hefðu í öllum tilfellum verið settar inn takmarkanir hvað arðgreiðslur varðar (Róbert Farestveit 2021). Það er því ljóst að í umræðunni í þjóðfélaginu var kallað á að mögulegir styrkir þyrftu að vera skilyrtir samanber hvað viðmælendur sögðu :

Mér finnst absurd að fyrirtæki fái að greiða sér arð næstu í rauninni árum, næstu 3 – 5 árum eftir að þau fá styrkinn af því að sum þessi fyrirtæki eru að greiða sér jafnvel tugir milljóna og hundruðir milljóna í arð, bara rétt eftir faraldurinn. Mér finnst það siðferðislega rangt. Þetta sýnir ekki fram á mikla samfélagslega ábyrgð stórfyrirtækja ... (Viðmælandi 5).

Ég hefði frekar viljað sjá hærri stuðning við sveitarfélög, það hefði skilað okkur meiru, heldur en 100 milljónir til [nafn fyrirtækis] eða eitthvað svoléiðis ... (Viðmælandi 4).

Viðmælendur voru ósáttir við hvernig hægt var að misnota atvinnuleysisbætur og töldu að það hafi valdið þeim erfiðleikum að fá fólk til starfa þegar á þurfti að halda. Misnotkun í þessu sambandi var töluvert nefnd og fram kom að það hefði verið bent á þetta m.a. í fjölmiðlum en að þá hefði verið „hraunað yfir“ viðkomandi. Í því sambandi má benda á viðtal við forstjóra Bílaleigu Akureyrar vorið 2021, þar sem hann ræddi hve illa gengi að ráða í störf og að þörf væri á frekara eftirliti (Viðskiptablaðið 2021). Greinilegt var að viðmælendur upplifðu að þetta væri málefni sem ekki mætti ræða opinberlega og einn viðmælandi sagði það hreint út:

... en svo höfum við líka rekið okkur á það að fólk var að spila á þetta og þetta er kannski, þetta eru svo ólíkir heimar, fólk sem er að koma frá [ákveðnum heimshluta]. Það þarf bara svolítið að læra að þetta er

samfélagssjóður sem á að nota í neyð, þetta er ekki bara einhver lúxus sem þú getur fengið á Íslandi ... Við vorum alveg að reka okkur á að menn voru svolítið að spila á þetta, fara heim, koma aftur, skrá sig einhvers staðar og þiggja ekki vinnu, láta ekki ná í sig og, en það dró úr því um leið og það var farið í þessa aðgerð að fólk þurfti að mæta á skrifstofu sveitarfélagsins þegar Vinnumálastofnun hringdi. Þá þurfti að mæta á staðinn og sýna vegabréfin sín og þá fór nú að skila sér helling aftur inn á vinnumarkaðinn (Viðmælandi 2).

Sko það er eitt úrræði sem að fór svolítið í taugarnar á mér, strax þegar að kóvit var að klárast þá var skortur á starfsfólki hérna, túrisminn var kominn á fullt en allir útlendingarnir voru á fullum atvinnuleysisbótum ... Þetta var það sem fór mest í taugarnar á mér, hvað það er ógeðslega létt fyrir fólk einhvern veginn að svindla á kerfinu (Viðmælandi 13).

Nefnt var dæmi um aðila í ferðaþjónustu sem hefði gefist upp á að reyna að ná í fólk eftir að hafa tæmt lista með 64 nöfnum frá Vinnumálastofnun með engum árangri. Bent var á að það vantaði einhverja almennilega gulrót sem hægt væri að bjóða fólki til að koma aftur til starfa, einhverja umbun, þ.e. að geta umbunað þeim sem komu þegar á þurfti að halda á einhvern hátt og að ferðaþjónustuaðilinn hefði gjarnan viljað geta gert það sjálfur, en í kjölfar faraldursins hefði ekki verið neitt fjárhagslegt svigrúm til þess.

3.5.2 Sértaður stuðningur stjórnvalda

Í fjárukalögum 2020 samþykkti Alþingi 150 milljónir króna aukaframlag til að styðja við atvinnulíf og samfélag sex sveitarfélaga sem niðursveifla í ferðaþjónustu vegna faraldursins bitnaði verst á. Markmiðið var að styrkja stöðir sveitarfélaganna til lengri tíma og stuðla að nýsköpun. Mýrdalshreppur auk tveggja annarra sveitarfélaga fékk 32 milljónir króna auka fjárveitingu, en þrjú sveitarfélög fengu 18 milljónir króna (Innviðaráðuneytið 2020).

Auka fjárveitingin var nýtt í sýnileg verkefni og fyrrverandi sveitarstjóri lýsir hér í hvað framlagið var nýtt:

Hann var nýttur í menningargönguleið, hann var nýttur í hérna klifurvegg í íþróttahúsinu. Hann var nýttur í endurbyggingu rafstöðvar og hann var nýttur í að starta grunni undir uppbyggingu á gömlu verslunarhúsi sem að við sjáum svo fyrir okkur sem einhvers konar félagsmiðstöð, sem að okkur vantar. Þetta er svolítið nýtt í Mýrdalshreppi að það sé verið að vinna að svona innviða, af því að það voru aldrei til peningar einhvern veginn.

Kom skýrt fram að viðmælendur töldu að stuðningur af þessu hefði mikla þýðingu og nefndu aðallega þrenn rök. Í fyrsta lagi að stuðningurinn hefði verið nýttur í jákvæð verkefni, þar sem verið var að undirbúa endurkomu ferðamanna. Þannig gaf það ákveðin skilaboð út í samfélagið að trúin á að allt færi upp á við í kjölfar heimsfaraldurs væri til staðar. Í öðru lagi að stuðningurinn var nýttur í sýnileg verkefni, sem miðað við svör viðmælenda skipti miklu máli. Í þriðja lagi viðurkenningin að þeirra staða væri sérstaklega erfið. Þannig skipti umfjöllun um fjárveitinguna í fjölmiðlum miklu máli. Eftirfarandi ummæli lýsa vel þessari upplifun viðmælenda:

... ekki bara það að það komu þarna peningar sem að var hægt að nýta í eitthvað sem var jákvætt og uppbyggilegt heldur líka bara svona svólítið út á við svona ákveðin viðurkenning, ok, það er bara viðurkennt að staðan hjá okkur er mjög slæm vegna þess að við erum ferðaþjónustusveitarfélag. Við eigum svo gríðarlega mikið undir (Viðmælandi 7).

... ég myndi halda að það geti haft mikið að segja að þau séu sýnileg, ég er ekki viss um að það hefði verið sérstaklega árangursríkt að setja þetta t.d. í fráveituverkefni, ég held að það hefði gert afskaplega lítið fyrir sálarlíf fólks, að setja þetta í rör sem að við gröfum ofan í skurði, en hérna, ég held að það sé líka að, það er viðleitnin, viðleitnin af hálfu ríkisins líka, það er að held ég, sendir þann tón til íbúanna, ok, fólk skilur að það er erfitt hjá okkur (Viðmælandi 11).

4. Umræða

Þessi tilviksrannsókn er sú fyrsta sem greinir áfallastjórnun vegna Covid-19 faraldursins í íslensku sveitarfélagi á landsbyggðinni. Rannsóknarspurningar sneru að áfallastjórnun Mýrdalshrepps, þá sérstaklega hvernig undirbúningi og viðbrögðum vegna faraldursins var háttað en einnig var spurt um þýðingu stuðningsaðgerða stjórnvalda fyrir sveitarfélagið.

Rannsóknir hafa sýnt að því sterkar sem forsvarsmenn almannavarna og íbúar skynja vána í kringum sig því betri er undirbúningurinn að takast á við hana. Líkt og sást í jarðskjálftunum á Suðurlandi árið 2000 að vegna aukinna jarðhræringa sem fundust endurtekið í Hvergerði á síðasta áratug 20. aldar hafði verið lagt í meiri vinnu þar við gerð viðbragðsáætlaða sem og að undirbúa heimilin en nágrennasveitarfélögin gerðu (Ásthildur Elva Bernharðsdóttir & Sólveig Þorvaldsdóttir 2002). Frá aldamótum hafa bæst við jarðskjálftar á Suðurlandi árið 2008, eldgos í Eyjafjallajökli árið 2010 og í Grímsvötnum 2011 sem skekið hafa íbúa á Suðurlandi. Úttekt á undirbúningi sveitarfélaga í almannavarnamálum sem gerð var 2019, sýnir að sveitarfélög á Suðurlandi hafa sinnt málaflökknum betur en sveitarfélög í öðrum landshlutum (Ásthildur Elva Bernharðsdóttir o.fl. 2020).

Þar á meðal er Mýrdalshreppur sem hefur búið við stöðuga ógn vegna hugsanalegs eldgoss í Kötlu og þá var gosið í Eyjafjallajökli mikið áfall fyrir atvinnulífið í sveitarfélaginu. Þegar brugðist var við ógninni af faraldrinum nýttist langtímaviðbragðsáætlun, sem unnin hafði verið á vegum sveitarstjórnar og var uppfærð að teknu tilliti til hans.

Greining á viðbrögðum Mýrdalshrepps vegna faraldursins sýnir líkt og fyrri rannsóknir á áfallastjórnun á Íslandi að í fámenni sveitarfélaga á landsbyggðinni gegni einstaklingar tíðum fleiri en einu hlutverki þegar kemur að almannavörnum. Samvinna er mikil en jafnframt sýna einstaklingar frumkvæði í viðbrögðum og stuttar boðleiðir eru milli viðbragðsaðila (Bernhardsdóttir & Svedin 2004). Upplýsingaflæði milli stofnana í Mýrdalshreppi var gott en fram kom hjá viðmælendum að gæta þyrfti þess að viðbragðsaðilar á svæðinu væru betur upplýstir um ákvarðanir sem snerta almannavarnarviðbragð á þeirra svæði og að þeir séu hafðir sem mest með í ráðum. Heimamenn geri sér grein fyrir að þeir geti lokast af eins og t.d. í Kötlugosi og þá þurfi þeir að geta bjargað sér sjálfir. Þá fólst mikil áskorun í að treysta upplýsingagjöf til íbúa í sveitarfélagi með jafn fjölbreytta íbúasamsetningu og Mýrdalshreppur er.

Í efnahagsúrræðum ríkisstjórnar má greina lærdóm stjórnvalda sem dreginn var af hruninu 2008 að ekki skyldi staðið hjá í baráttu fyrirtækja við að halda starfsemi gangandi heldur beita stuðningsaðgerðum þeim til bjargar meðan áfallið gengi yfir. Þessi rannsókn sýnir að efnahagsúrræði stjórnvalda sem og sértækur stuðningur til Mýrdalshrepps hafði mikla þýðingu fyrir sveitarfélagið. Stuðningur stjórnvalda snerti þá fasa áfallastjórnunar sem snúa bæði að viðbrögðum og endurreisn í kjölfar áfalls. Gera má ráð fyrir að mun erfðara hefði verið að endurræsa t.d. þá starfsemi sem felst í ferðapjónustunni í kjölfar faraldurs en halda henni gangandi með stuðningsaðgerðum á meðan á sóttvarnaaðgerðum stóð.

Viðnámspróttur eflist hjá þeim samfélögum sem þurfa endurtekið að takast á við áföll. Þjálfun og þekkingu viðbragðsaðila er þannig stöðugt viðhaldið sem og meðvitundinni um ógnina sem býr í náttúruöflunum. Má sjá hvernig slíkt lærdómsferli hefur þróast meðal viðbragðsaðila hér á landi (Behera 2021; Bernhardsdóttir & Hrafnisdóttir 2022). Styrkur viðnámspróttar samfélaga hvílir að miklu leyti á þeim félagsauði sem þau búa yfir. Samkennd og samstaða var augljós meðal íbúa í Mýrdalshreppi og sýnir rannsóknin að sveitarfélagið býr að miklum félagsauð. En þessi rannsókn varpar einnig ljósi á þá ógn sem stöðjast getur að félagsauðnum og þar með fjölmenningsamfélaginu á áfallatímum. Í gagnrýni á nýtingu úrræða stjórnvalda sem rædd er hér að neðan leiddi ekki til alvarlegra árekstra en í henni felast varúðarmerki. Lærdómurinn er hversu mikilvægt það er fyrir fjölmenningsamfélag eins og Mýrdalshrepp að það nái að þroska félagsauðinn í takt við þróun samfélagsins og standa þannig vörð um viðnámsprótt þess.

Í fræðilegri skilgreiningu er félagsauður sagður vera bindandi, brúandi og tengjandi. Fjölskyldu- og vinaböndin eru bindandi en tengsl er hægt að brúa í gegnum vinnu, nám og félagslíf. Það eru þessi tengsl sem styrkjast við að fara saman í gegnum áföllin, deila þeirri sameiginlegu reynslu og þau geta einnig hvatt til markvissari forvarna og viðbúnaðar vegna hugsanlegra áfalla (Wood o.fl. 2013). Í viðtölum við viðbragðsaðila og íbúa í Mýrdalshreppi kom fram mikilvægi slíks félagsauðs í viðbrögðum við gosinu í Eyjafjalla-

jökli 2010 sem var þeim ferskt í minni. Í viðbrögðum við faraldrinum mátti greina slíkan auð í því hvernig t.d. íbúar í Vík huguðu að þeim sem bjuggu einangraðir á sveitabæjum. Aftur á móti kom fram í viðtölum við rekstraraðila að þeir söknuðu sýndrar samkenndar og umhyggju frá fulltrúum sveitarfélagsins. Þótt ekki hafi verið hægt í miðjum faraldri að keyra á milli aðila til að kíkja í kaffi, eins og slökkviliðið gerði í kjölfar Eyjafjallajökulgossins, hefðu ráðandi aðilar í sveitarfélaginu getað tekið sig saman og haft síma-samband við þá til að heyra í þeim hljóðið og sýnt þar með vilja til að heyra beint og milliliðalaust hvernig staðan væri. Eins þótti vanta að sveitarfélagið leitaði skipandi leiða til að halda félagslega viðburði og sálgæslu var ábótavant.

Í rannsókn sem greindi áhrif félagslegs stuðnings í endurreisn vegna Eyjafjallajökulgossins er bent á nauðsyn þess að samfélag búi að félagsauð sem þurfi ekki að treysta á persónuleg tengsl heldur sé hann skipulagður af opinberum fulltrúum, sé aðgengilegur öllum sem áfallið snertir og standi þeim til boða eins lengi og þörf krefur (Ómarsdóttir o.fl. 2022). Vegna íbúaþróunar, ólíks eðlis áfalla og ólíkra viðbragða vegna þessara tveggja áfalla, þ.e. gossins 2010 og faraldursins 2020, verða til kröfur um breyttar áherslur í aðgerðum sem snúa að félagslegum stuðningi. Hin mikla fjölgun íbúa með erlent ríkisfang frá árinu 2010 kallar sérstaklega á aðgerðir sem brúa og efla tengsl þeirra á milli sem og við Íslendinga sem bjuggu fyrir á svæðinu.

Í rannsókn sem gerð var meðal íbúa með erlent ríkisfang í fimm sveitarfélögum á Suðurlandi 2021 bentu þeir m.a. á þörf á kynningu á félagastarfsemi og að íbúar séu hvattir til þátttöku í samfélaginu (Mateusz Borkowski & Vala Hauksdóttir 2021). Íslenska og skortur á íslenskunámi kom ítrekað fyrir og viðmælendur í Mýrdalshreppi bentu á að hluti lærdóms væri að gera skyldi betur á þessu sviði og bjóða íslenskukennslu á vefnum sem væri aðgengileg hvenær sem er, því fólk sem starfar í ferðaþjónustu sé oft á vöktum. Þeim varð einnig tíðrætt um að upplýsingaflæði í sveitarfélagi með fjölbreytta íbúasamsetningu gæti taplega farið einvörðungu fram á íslensku. Áskoranir í þessu sambandi eru hversu mörg tungumál eru töluð á svæðinu og ekki hægt t.d. að nota bara ensku þar sem hún er ekki aðgengileg öllum.

Breytingar á kosningalögum nr. 112/2021 bera vott um vilja til að virkja íbúa til þátttöku en þar er kveðið á um að kosningarétt til sveitarstjórnarkosninga hafi erlendir ríkisborgarar sem í samfelld þrjú ár hafa átt lögheimili hérlandis. Þessi breyting gerði það að verkum að mun fleiri höfðu kosningarétt til sveitarstjórnarkosninga árið 2022 en áður hafði verið. Kosningaþátttaka var 74,1% í Mýrdalshreppi (Mýrdalshreppur 2022a) og því vísbending um að þau sem voru í framboði hafi náð að koma málefnum sínum vel á framfæri til íbúa af erlendum uppruna, ásamt því að hvetja til þátttöku í kosningunum. Að kosningum afstöðnum gekk ný sveitarstjórn í að stofna enskumælandi ráð, en hugmyndin að ráðinu kom frá íbúunum sjálfum (Benedikt Arnar Þorvaldsson 2022).

Viðspyrna sem fólst í aðgerðapökkum stjórnvalda til efnahagslífsins á Íslandi í faraldrinum skilaði sér beint inn í samfélagið í Mýrdalnum og bjargaði ferðaþjónustunni. Faraldurinn var áfall sem krafðist sértækra lausna sem ekki var búíð að skrifa inn í neina ferla. Má segja að með efnahagsúræðunum hafi stjórnvöld á vissan hátt stuðlað að formlegum félagslegum stuðningi sem niðurstöður fyrrgreindrar rannsóknar á áhrifum félags-

auðs á endurreisn vegna Eyjafjallajökulsgosinu lögðu áherslu á að yrði efldur (Ómarsdóttir 2022). Aðgerðir stjórnvalda voru sérstaklega vel metnar þar sem atvinnurekendur í Mýrdalshreppi höfðu kynnst því í kjölfar Eyjafjallajökulsgossins að verða fyrir miklu tekjutapi sem þeir urðu að bera sjálfir. Um leið og fyrirtækjum var forðað frá gjaldþroti nýttist viðspyrnan til endurreisnar samfélagsins þegar sóttvarnaradgerðum var aflétt.

Auk stuðnings við atvinnulíf, sem Mýrdalshreppur naut líkt og önnur sveitarfélög á landinu, fékk sveitarfélagið sértækan fjárstuðning úr ríkissjóði vegna alvarlegra áhrifa hruns í ferðapjónustu. Þetta byggðist á niðurstöðum greiningar Bygðastofnunar að Mýrdalshreppur væri meðal sex sveitarfélaga sem hefðu orðið verst úti í faraldrinum. Ákvað sveitarstjórnin að aukafjárveitinguna skyldi nýta í sýnileg og jákvæð verkefni þar sem undirbúningur endurkomu ferðamanna væri í fyrirrími. Umfjöllunina í fjölmiðlum vegna þessa stuðnings upplifðu viðmælendur sem viðurkenningu á því að þeirra staða væri sérlega erfið og skynjuðu viðmælendur því ákveðna umhyggju af hálfu stjórnvalda á Íslandi, þátt sem rannsóknir í áfallastjórnun hafa sýnt vera mikilvægan og þessi rannsókn styður enn frekar (Ásthildur Elva Bernharðsdóttir 2015; Ásthildur Elva Bernharðsdóttir o.fl. 2022). Má leiða líkur að því að ánægjan með að heimamönnum var látið eftir að ákveða alfarið hvernig fjárstuðningurinn yrði nýttur hafi vegið þungt í þeim árangri sem hann skilaði og undirstrikar mikilvægi þess að tekið sé tillit til skynjunar fólks þegar hugað er að velferð og félagslegum þáttum í viðbrögðum við áföllum.

Þrátt fyrir ríkjandi ánægju með stuðning stjórnvalda var kraumandi óánægja með misnotkun úrræðanna áberandi hjá viðmælendum. Ekki síst ræddi fólkið arðgreiðslur fyrirtækja, sem þegið höfðu fjármagn úr ríkissjóði, sem þótti sýna vöntun á samfélagslegri ábyrgð. Endurspeglaði sú umræða gagnrýni sem var áberandi í þjóðfélagsumræðunni. Dæmi voru einnig nefnd um aðila á hlutabótaleiðinni sem þurftu ekki á henni að halda, eða voru að vinna svart á sama tíma, aðila á atvinnuleysisbótum sem létu ekki ná í sig eða voru í útlöndum þegar á vinnukröftum þeirra þurfti að halda. Gagnrýni á erlenda vinnuaflid sem nádist ekki í má líta á sem ógn við einingu innan fjölmenningsamfélagsins eins og rætt er hér að ofan. Rannsóknir sýna að áhyggjur af atvinnu og afkomu auka líkur á neikvæðari viðhorfum í garð innflytjenda og á það sérstaklega við á tímum efnahagsþrenginga og atvinnuleysis. Efnahagslegur uppgangur á Íslandi, sem hafði einkennt tímabilið sem leið frá gosinu í Eyjafjallajökli þar til faraldurinn skall á, hafi líkast til átt stærstan þátt í að Íslendingar hafi ekki litið á innflytjendur sem ógn við sitt starfsöryggi (Hatton 2016). Ferðapjónustan var fljót að taka við sér í kjölfar faraldursins sem leiddi af sér mikla eftirspurn og ljóst að næga vinnu væri að fá fyrir þá sem vildu aftur snúa til starfa. Ekki er hægt að ganga að því sem vísu að slík efnahagsleg endurreisn eigi sér stað eftir áföll og því mikilvægt fyrir einingu innan samfélagsins að útbúnir séu skýrir verkferlar sem uppfylla ákveðin skilyrði fyrir veitingu og nýtingu á þeim stuðningi sem er í boði.

5. Lokaorð

Helstu áskoranir sem Covid-19 heimsfaraldurinn færði Mýrdalshreppi snerti atvinnu- og efnahagslíf sveitarfélagsins. Tekist var á við þær að miklu leyti með úrræðum og stuðn-

ingi stjórnvalda og framkvæmdum sem keyrðar voru áfram á vegum sveitarfélagsins. Sá lærdómur sem dreginn er af nýtingu úrræðanna er ekki síður mikilvægur fyrir stjórnvöld vegna þeirra úrræða sem hugsanlega þarf að beita í framtíðinni. Þegar þessi grein er skrifuð er einungis rúmt ár liðið frá því að sóttvarnaraðgerðum vegna faraldursins var aflétt en gera verður ráð fyrir að ýmis langtímaáhrif hans eigi eftir að koma í ljós.

Í umræðu um niðurstöður rannsóknar er athyglinni sérstaklega beint að varúðarmerkjum sem undirstrika nauðsyn þess að vera á varðbergi vegna þess sem ógnar fjölmenningsarsamfélagi á áfallatímum. Takmörkun rannsóknar felst m.a. í því að hún nær ekki að greina þá ógn nægjanlega. Til þess þyrfti að greina viðhorf og áhrif faraldursins á íbúa Mýrdalshrepps út frá íbúasamsetningu. Væri slík greining verðugt viðfangsefni sérstakrar rannsóknar.

Fyrstu smit komu ekki upp í Mýrdalnum fyrr en í lok september 2020 og enginn lést af völdum kórónuveirunnar á því tveggja ára tímabili sem sóttvarnaraðgerðir stóðu yfir. Má ætla að viðbrögð og upplifun íbúa á áfallinu hefðu mótast á annan hátt hefðu alvarleg smit komið upp í samfélaginu líkt og t.d. í Hveragerði þar sem hjón létust mjög snemma í faraldrinum (Margrét Helga Erlingsdóttir 2020a) eða Bolungarvík þar sem smit komu upp á hjúkrunarheimilinu snemma í faraldrinum með þeim afleiðingum að dauðsföll urðu (Elsa María Guðlaugs Drífudóttir 2020). Áskoranir sem tengjast sálfélagslegum stuðningi vógu væntanlega þungt í þeim sveitarfélögum. Þannig hafa sveitarfélög þurft að bregðast við faraldrinum og endurreisa samfélag þeirra í kjölfarið, á mismunandi hátt. Í úttekt sem unnin var á áfallastjórnun stjórnvalda vegna Covid-19 faraldursins sem og í munnlegri skýrslu forsætisráðherra um niðurstöðu úttektar, var undirstrikuð þörf á rannsóknum á áfallastjórnun vegna Covid-19 í sem flestum af þeim 64 sveitarfélögum sem eru á landinu til að fá megi sem besta innsýn í þær áskoranir sem fylgdu þessu alvarlega samfélagslega áfalli (Alþingi, 2022).

Á áfallatímum þegar stjórnsýslan er þanin til hins ýtrasta kemur oft skýrt upp á yfirborðið verkferlar og samskipti sem veikja hana eða styrkja. Þannig geta rannsóknir á áfallastjórnun ekki einungis stuðlað að markvissari áfallastjórnun heldur aukið skilning og þekkingu á stjórnsýslunni almennt. Rannsóknir eins og sú sem hefur verið kynnt í þessari grein hafa þannig bæði fræðilegt og hagnýtt gildi og eru þar af leiðandi mikilvægar fyrir uppbyggingu þekkingar á áfallastjórnun sveitarfélaga og stjórnsýslunnar almennt.

Heimildir

- Aldrich, D.P. og Meyer, M.A. (2015). „Social Capital and Community Resilience“, *American Behavioral Scientist* 59(2), 254–269. <https://doi.org/10.1177/0002764214550299>
- Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra (e.d.). „Verkefni almannavarna“. Sótt af <https://www.almannavarnir.is/almannavarnir/tenglar/>
- Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra (2020). „Samkomubann vegna COVID-19 tekur gildi 16. mars 2020“. Sótt af <https://www.almannavarnir.is/frettir/samkomubann-vegna-covid-19-tekur-gildi-16-mars-2020/>
- Alþingi (2022, 16. nóvember). *Niðurstöður nefndar sem skipuð var til að greina áfallastjórnun íslenskra stjórnvalda í Covid-19 faraldrinum*. Ræða forsætisráðherra á 153. löggjafarþingi, 32. fundi. Sótt af <https://www.althingi.is/altext/153/f032.sgml>

- Ásthildur Elva Bernharðsdóttir (2015). *Crisis-Related Decision-Making and the Influence of Culture on the Behavior of Decision Makers. Cross-Cultural Behavior in Crisis Preparedness and Response*. New York: Springer. <https://doi.org/10.1007/978-3-319-20714-8>
- Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir og Guðrún Pétursdóttir (2020). „Nýtum þá þekkingu sem er til staðar“, *Sveitarstjórnarmál* 80(1), 26-30. Sótt af <https://www.samband.is/wp-content/uploads/2021/10/sveitarstjornarmal1tbl2020-avefinn.pdf>
- Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, Guðný Björk Eydal og Trausti Fannar Valsson (2022). *Áfallastjórnun stjórnvalda í Covid-19 faraldrinum*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/%c3%81fallastj%c3%b3rnun%20stj%c3%b3rnvalda%20%20ad%20Covid-19.pdf>
- Ásthildur Elva Bernharðsdóttir og Sólveig Þorvaldsdóttir (2002). *Suðurlands skjálftar 2000*. Almanna-
varnir ríkisins.
- Behara, J.K. (2021). „Role of social capital in disaster risk management: a theoretical perspective in special reference to Odisha, India“, *International Journal of Environmental Science and Technology* 20(3), 3385–3394. <https://doi.org/10.1007/s13762-021-03735-y>
- Benedikt Arnar Þorvaldsson (2022). „Enskumalandi ráð hefur störf í Vík“, *Fréttablaðið*, 23. september. Sótt af <https://www.frettabladid.is/frettir/enskumaelandi-rad-hefur-storf-i-vik/>
- Bernharðsdóttir, Á.E. (2001). *Learning from Past Experiences: The 1995 Avalanches in Iceland*. Stockholm: Forsvarshöskolan.
- Bernharðsdóttir, Á. E. og Hrafnisdóttir, S. (2022). „Civil Protection Policies in Iceland“, í C. de la Porte (ritstj.), *Successful Public Policy in the Nordic Countries* (bls. 331–350). Oxford: Oxford University Press. <https://doi.org/10.1093/oso/9780192856296.003.0016>
- Bernhardsdottir, A.E. og Svedin, L. (ritstj.) (2004). *Small State Crisis Management: The Icelandic Way*. Stockholm: Swedish National Defence College. Sótt af https://www.researchgate.net/publication/259232252_Bernhardsdottir_A_and_L_Svedin_Eds_2004_Small_State_Crisis_Management_The_Icelandic_Way_Stockholm_Swedish_National_Defence_College
- Boin, A., Hart, P., Stern, E. og Sundelius, B. (2017). *The Politics of Crisis Management*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Byggðastofnun (2017). *Brothættar byggðir. Verkefnislýsing, útgáfa 2.2, júní 2017*. Sótt af https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothættar_byggdir/verklýsing/verkefnislysing-brothættar-byggda-utg.2.2-juni-2017.pdf
- Byggðastofnun (2021). *Atvinnutekjur 2012 – 2020: Eftir atvinnugreinum og svæðum*. Sótt af https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Atvinnutekjur/atvinnutekjur_2012-2020.pdf
- Clark, T., Foster, L., Sloan, L. og Bryman, A. (2021). *Bryman's Social Research Methods* (6. útg). Oxford: Oxford University Press.
- Elsa María Guðlaugs Drífudóttir (2020). „Andlát í Bolungarvík af völdum COVID-19“, *RÚV*, 6. apríl. Sótt af <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2020-04-06-andlat-i-bolungarvik-af-voldum-covid-19>
- Embætti landlæknis (2020). „Farsóttafréttir“. Sótt af <https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item41223/Fars%C3%B3ttafre%C3%A9ttir%20Apr%C3%ADl%202020.pdf>
- Fjármála- og efnahagsráðuneytið (2021). *Skýrsla fjármála- og efnahagsráðbera um mat á árangri aðgerða til að mata efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru*. Sótt af https://www.althingi.is/altext/pdf/151/fylgiskjol/s1904-f_I.pdf
- Fræðslunefnd Mýrdalshrepps (2020a). „Fundargerð 251. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps“. Sótt af https://www.vik.is/static/files/Eldri_fundargerdir/Fraedslunefnd/251.-fundur.pdf
- Fræðslunefnd Mýrdalshrepps (2020b). „Fundargerð 252. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps“. Sótt af https://www.vik.is/static/files/Eldri_fundargerdir/Fraedslunefnd/252.-fundur.pdf
- Geir Þ. Þórarinnsson (2005). „Hvað er siðferði? Og hvað er siðfræði?“, *Vísindavefurinn*. Sótt af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=5247>
- Hagstofa Íslands (2022). „Mannfjöldi eftir kyni, sveitarfélagi og ríkisfangi 1. janúar 1998 – 2022“. Sótt af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Ibuar/Ibuar__mannfjoldi__3_bakgrunnur__Rikisfang/MAN04203.px/table/tableViewLayout1/?rxid=ce5f1f9d-6af1-477c-8449-b43a1f9b7287

- Hagstofa Íslands (2023). „Mannfjöldi í sveitarfélögum 1. janúar 2023“. Sótt af <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/sveitarfelog-og-byggdakjarnar/>
- Hatton, T.J. (2016). „Immigration, public opinion and the recession in Europe“, *Economic Policy* 31(86), 205–246. <https://doi.org/10.1093/epolic/ciw004>
- Henry Alexander Henrysson (2021). „Hvað er samfélagsábyrgð“, *Vísindavefurinn*. Sótt af <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=76745>
- Hermann, M.G., Dayton, B.W. og Svedin, L. (2008). *A Guide to Doing Comparative Case Studies Maxwell Style*. Syracuse: Syracuse University.
- Húnaþing vestra (e.d.). „Öldungaráð“. Sótt af <https://www.hunathing.is/is/stjornsysla/stjornir-og-rad/oldungarad-hunathings-vestra-1>
- Innviðaráðuneytið (2020). „Sex sveitarfélög fá stuðning vegna hruns í ferðaþjónustu“. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/08/18/Sex-sveitarfelog-fa-studning-vegna-hruns-i-ferdathjonustu/>
- Leikskólinn Mánaland, Almannafræðingur ríkislögreglustjóra, Sóttvornarlæknir og Menntamálaráðuneyti (2020). *Viðbragðsáætlun almannafræðingur ríkislögreglustjóra, Sóttvornarlæknir og Menntamálaráðuneyti* (2020). *Viðbragðsáætlun almannafræðingur ríkislögreglustjóra, Sóttvornarlæknir og Menntamálaráðuneyti*. Sótt af <https://manaland.leikskolinn.is/148-manaland.leikskolinn.is/vi%C3%B0brag%C3%B0s%C3%A1%C3%A6tlun%20m%C3%A1naland.pdf>
- Margrét Helga Erlingsdóttir (2020a). „Minnast hjónanna sem létust: „Sorg ríkir í bænum okkar““, *Vísir*, 3. apríl. Sótt af <https://www.visir.is/g/2020119831d>
- Margrét Helga Erlingsdóttir (2020b). „Þetta blasir við okkur eins og hamfarir“, *Vísir*, 19. maí. Sótt af <https://www.visir.is/g/20201659590d>
- Mateusz Borkowski og Vala Hauksdóttir (2021). „Aðlögun erlendra íbúa í Rangárþingi eystra, Mýrdalshreppi, Skaftárhreppi og Sveitarfélaginu Hornafirði“. Sótt af <https://www.sass.is/wordpress/wp-content/uploads/2021/10/A%C3%B0l%C3%B6gun-erlendra-%C3%ADb%C3%BAa-sk%C3%BDrsl.pdf>
- Mýrdalshreppur (e.d.). „Welcome to Mýrdalshreppur“. Sótt af <https://www.vik.is/is/multicultural>
- Mýrdalshreppur (2021). „Rekstur Mýrdalshrepps betri en gert var ráð fyrir“. Sótt af <https://www.vik.is/is/allar-frettir/rekstur-myrdalshrepps-betri-en-gert-var-rad-fyrir>
- Mýrdalshreppur (2022a). „Góð kosningabáttaka í Mýrdalshreppi“. Sótt af <https://www.vik.is/is/frettir/mjog-god-kosningathattaka-i-mydalshreppi>
- Mýrdalshreppur (2022b). „Laust starf: Þjónustu- og fjölmenningsfulltrúi“. Sótt af <https://www.vik.is/is/frettir/laust-starf-thjonustu-og-fjolemmingarfultu>
- Mýrdalshreppur og Lögreglustjórnin á Suðurlandi (2019). *Viðbragðsáætlun. Samfélagsleg áföll. Langtíma- viðbrögð sveitarfélagsins Mýrdalshrepps*. Sótt af https://www.vik.is/static/files/Reglur_og_samthykkir/samfelagsleg-afoll-langtimavidbrogd-sveitarfelagsins-myrdalshrepps.pdf
- Ómarsdóttir, I.L., Pétursdóttir, G., Bird, D.K. og Gísladóttir, G. (2022). „Community resilience through the lens of social support: Recovering from the 2010 Eyjafjallajökull eruption in Iceland“, *International Journal of Disaster Risk Reduction* 81, 103272. <https://doi.org/10.1016/j.ijdr.2022.103272>
- Róbert Farestveit (2021). „Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjárstuðning til minni rekstraradila vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, lögum um viðspyrnustyrki og lögum um tekjuskatt (framhald úrræða og viðbætur)“, *ASÍ*. Sótt af <https://www.asi.is/um-asi/hlutverk-og-saga/umsagnir-um-thingmal/frumvarp-til-laga-um-breytingu-a-logum-um-fjarstudning-til-minni-rekstraradila-vegna-heimsfaraldurs-koronuveiru-logum-um-vidspyrnustyrki-og-logum-um-tekjuskatt-framhald-urraeda-og-vidbaetur/>
- Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (2020). „Hagtölur um atvinnulíf frá SASS“. Sótt af <https://www.sass.is/wordpress/wp-content/uploads/2020/08/200826.-Hagt%C3%B6lur-um-atvinnul%C3%ADf-%C3%A1-Su%C3%B0urlandi-me%C3%B0-s%C3%A9rstaka-%C3%A1herslu-%C3%A1fer%C3%B0a-%C3%BEj%C3%B3nustu.pdf>
- Stern, E. og Sundelius, B. (2002). „Crisis Management Europe: An Integrated Regional Research and Training Program“, *International Studies Perspectives* 3(1), 71–88. <https://doi.org/10.1111/1528-3577.00080>

- Stjórnarráð Íslands (2022). „COVID-19: Aðgerðir og ráðstafanir“. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/covid-19/>
- Sunnlenska (2022). „Beata ráðin fjölmenningarfulltrúi“, 14. maí. Sótt af <https://www.sunnlenska.is/frettir/beata-radin-fjolmenningarfulltrui/>
- Sveitarstjórn Mýrdalshrepps (2020a). „Fundargerð 597. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps“. Sótt af https://www.vik.is/static/files/Eldri_fundargerdir/Sveitarstjornarnefnd/597-fundargerð-16.-januar-2020.pdf
- Sveitarstjórn Mýrdalshrepps (2020b). „Fundargerð 598. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps“. Sótt af https://www.vik.is/static/files/Eldri_fundargerdir/Sveitarstjornarnefnd/598-fundargerð-21.-februar-2020.pdf
- Sveitarstjórn Mýrdalshrepps (2020c). „Fundargerð 599. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps“. Sótt af https://www.vik.is/static/files/Eldri_fundargerdir/Sveitarstjornarnefnd/599-fundargerð-19.-mars-2020.pdf
- Tryggvi Aðalbjörnsson og Arnar Þórisson (2021). „Fengu 600 milljónir króna í uppsagnastyrk eftir milljarða arðgreiðslur“, RÚV, 4. febrúar. Sótt af <https://www.ruv.is/kveikur/blaa-lonid-uppsagnastyrkur-ardgreidslur/>
- Viðskiptablaðið (2021). „„Galið“ hve illa gengur að ráða í störf“, 31. maí. Sótt af <https://www.vb.is/frettir/galid-hve-illa-gengur-ad-rada-i-storf/>
- Víkurskóli, Almanna- og Almennisráðgjafi, ríkislögreglustjóra, Sóttvarnalæknir og Menntamálaráðuneyti (2020). *Vidbragðsáætlun Vikurskóla*. Sótt af <http://vikurskoli.is/wp-content/uploads/2020/11/Vidbragdsaaetlun-Vikurskola-2020.pdf>
- Vinnuálagstofnun (2022). „Atvinnuleysi. Nánari greining sveitarfélaga á landinu. Mýrdalshreppur“. Sótt af <https://vinnuastofnun.is/media/3984/myrdalshreppur.xlsx>
- Wood, L.J., Boruff, B. og Smith, H.M. (2013). „When Disaster Strikes... how communities cope and adapt: a social capital perspective“, í C.D. Johnson (ritstj.), *Social Capital: Theory, Measurement and Outcomes* (bls. 144-169). Hauppauge: Nova Science Publishers, Inc. Sótt af https://www.researchgate.net/publication/258343662_When_Disaster_Strikes_how_communities_cope_and_adapt_a_social_capital_perspective
- Þjóðskrá (2022). „Hlutfall erlendra ríkisborgara eftir sveitarfélögum og landsvæðum þann 1. des. 2021“. Sótt af <https://www.skra.is/um-okkur/frettir/frett/2022/01/14/Hlutfall-erlendra-rikisborgara-eftr-sveitafelogum-og-landsvaedum-thann-1.-des.-2021/>
- Þór Steinarsson (2020). „Mér finnst það óviðunandi“, *Morgunblaðið*, 7. maí. Sótt af https://www.mbl.is/frettir/burdargrein/2020/05/07/mer_finnst_thad_ovidunandi/